

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 30. maí 2017 - 9. maí 2018
Skýrsla lesin á aðalfundi Nýlistasafnsins
9. maí 2018, Marshallhúsinu, Grandagarði 20, 101 Reykjavík.

Innri starfsemi

Fastir starfsmenn á tímabilinu, 2,2 -> 2,4 ársverk

Þorgerður Ólafsdóttir formaður stjórnar og safnstjóri hélt áfram í 80% starfshlutfalli

Becky Forsythe safneignarfulltrúi, 70% fór í 80% starfshlutfall frá og með 1. janúar 2018.

Kolbrún Ýr Einarsdóttir framkvæmdastjóri, 70% starfshlutfall. **Elín Þórhallsdóttir** hóf störf hjá safninu í júlí og leysti Kolbrúnu af sem framkvæmdarstjóri frá og með byrjun september þegar Kolbrún fór í leyfi. Kolbrún mun hefja aftur störf í byrjun október á þessu ári. Framkvæmdarstjórastaðan var einnig hækkuð upp í 80% frá og með 1. janúar.

Aðrir starfsmenn og samstarfsfélagar

Arnar Freyr Guðmundsson og Birna Geirfinnsdóttir, sem saman mynda **Studio - Studio**, halda áfram sem grafískir hönnuðir Nýló.

Nýlistasafnið hefur úrval frábærra einstaklinga sem sjá um að halda safninu opnu um helgar. **Birkir Karlsson, Karólína Ósk Þórisdóttir, Þórhildur Tinna Sigurðardóttir** en sú síðarnefnda hefur aðstoðað við uppsetningu á sýningum hjá safninu síðan haustið 2017.

Heiðar Kári Rannversson tók að sér tímabundin verkefni sem snéru að kynningar og fræðsluefni innan safnsins í tæpa tvo mánuði, ágúst - september.

Nýlistasafnið gerði samstarfssamning við **Íslenska endurskoðendur** sem hafa séð um ársreikninga fyrir okkur undanfarin ár. Fyrirtækið tók við bókhaldi safnsins af **Heiðrónu Harðardóttur** núna síðastliðinn apríl og annast því bæði bókhald og endurskoðun reikninga fyrir safnið. Nýlistasafnið þakkar Heiðrónu fyrir vel unnin störf sl. 4 ár.

Vigfús Birgison er sá ljósmyndari sem hefur myndað mest fyrir safnið og unnið með okkur í ýmsum verkefnum sem m.a. snúa að skráningu verka og heimilda í safneign.

Jón Örn Loðmfjörð annast áfram forritun fyrir Nýlistasafnið í hjáverkum.

Hilmar og Klara í Morkinskinnu hafa verið safninu innan handar varðandi forvörslu verka í safneign ásamt **Ólafi Inga Jónssyni**, forverði Listasafns Íslands.

Stjórn Nýlistasafnsins er frábær hópur einstaklinga sem hafa staðið sig einkar vel í öllum þeim verkefnum og ákvörðunum sem Nýlistasafnið hefur tekið á árinu, einnig partýundirbúningi og bingóplani.

Starfsnemar og sjálfboðaliðar á árinu voru **Karólína Ósk Þórsdóttir** sem kom til okkar á Erasmusstyrk frá byrjun maí til ágúst og vann við uppfærslu gjafabréfa í safneign, hún sinnir enn því verkefni ásamt yfirsetu um helgar. **Maja Gomulska** frá Póllandi og **Nawel Dehina** frá París komu báðar í tvo mánuði sl. sumar. **Sandra Kazlauskaite** frá Litháen kom í gegnum doctorsnám sitt í Goldsmiths, London frá ágúst/október. **Laura Durban** frá

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Þýskalandi var hjá okkur í sept/des. **Amber Hönning** frá Þýskalandi var hjá okkur í feb/apríl. **Anaëlle Prêtre** frá Belgíu verður hjá okkur í hálf ári, fram yfir mánaðamót júlí 2018. **Daria Sól Andrews** er frá Bandaríkjunum og Íslandi verður hjá okkur frá mars til lok júlí 2018). **Clay Bowler** frá Bretlandi kom í byrjun maí og verður til lok júlí.

Ef að það væri ekki fyrir starfsnemana okkar myndi lítið mjakast í öllum þeim verkefnum sem tengjast hemildarsöfnum Nýló og skráningu verka og gagna. Þeir eru líka mikilvæg aðstoð í uppsetningu og niðurtöku sýning og taka á móti gestum í fremra rými safnsins. Um þessar mundir er verið að kalla eftir starfsmönnum fyrir komandi skólaár.

Safneignin, Nýlistasafnið í Breiðholti

Nýlistasafnið heldur áfram varðveislurými sínu í Breiðholti með safneign, rannsóknaraðstöðu og lítið verkefnarými. Á næsta ári, vor 2019, er kominn tími á að endurnýja samninginn við Reykjavíkurborg um Völvufellið til næstu fimm ára og hefur safnið nú þegar hafið viðræður við borg varðandi framhaldið. Reykjavíkurborg hefur margoft líst yfir hversu mikilvægt borginni þykir viðvera safnsins vera í hverfinu og vill endilega halda áfram styrktarsamningi sínum við safnið. En borgin hefur leigt helminginn af rýminu á móti safninu síðan sumarið 2014.

Safnið fagnar öflugri starfsemi nemendagallerís Listaháskóla Íslands - **RÝMD** en myndlistardeild Listaháskólans tók við leigunni á efra rými safnsins í Breiðholti eftir að Nýló flutti þaðan.

Á sama tíma og safnið flutti í Breiðholtið (2014) var stjórn að festa þriðja stöðugildið í starfseminni - safneignarfulltrúa. Við það efdist safneignarstarfið til muna, safneignin sjálf fékk aukið rými og pláss á sama tíma svo að svigrúm gafst fyrir fleiri verk inn í safnið og frekari athafna til rannsókna.

Núna þegar safnið er á tveimur stöðum er viðveran áskorun. Eins og við munum sjá á fjárhagsáætlunum hér á eftir er vissulega stórt breyting að halda utan um tvö rými, ekki bara fjárhagslega heldur líka hvað mannafla varðar. Frá því haustið 2017 gátum við haft opið alla fimmtudaga milli 10 - 14 og eftir samkomulagi sem hefur dugað til að ana eftirspurnum. Sú viðvera hefur verið að mestu leyti uppfyllt af hálfu safneignar fulltrúa Nýló en augljóst er að þörf sé á frekari viðveru og fleiri starfsmönnum til þess að halda öllum verkefnum í safneign gangandi.

NÝ VERK Í SAFNEIGN

Sex verk voru gefin inn í safneign Nýló árið 2017.

Codependent hut. 2013. Claudia Hausfeld. Inkjet print á Hahnemüle pappír.

Codependent Hut No. 1. 2013. Claudia Hausfeld. Speglar og viður.

Tvö textaverk eftir Jónu Hlíf Halldórsdóttur, bæði út kopar og marmara frá árinu 2016.

Vatnið máir steininn. Orðin söm við sig og

Steininn máir tímenn. Orðin söm við sig

Án titils. 1977. Ólafur Lárusson. Ljósmynd

Sculpture. 2016. Eygló Harðardóttir. Bókverk

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Safnið hefur nú þegar fengið stórar verkgjafir á afmælisárinu, m.a. frá **G.Erlu, Bjarka Bragasyni, Katrínu Agnesi Klar og Lukas Kindermann** en þeim verður gerð betri skil í næstu ársskýrslu fyrir árið 2018.

SKRÁNING SAFNEIGNAR OG HEIMILDARSAFNA NÝLISTASAFNSINS

Á hverju ári er skráning verka í safneign betrubætt. Það er hinn eilífi gangur á bakvið safnastarf - skráning er lífandi ferli sem þarf stöðugt að sinna. Eitt af langtímamarkmiðum Nýlistasafnsins er að koma safneign sinni fyrir þannig að hún sé aðgengileg og að heimildir safnsins nýtist rannsakendum sem best.

Nýló hlaut loksins styrk frá Safnasjóði til þess að halda áfram með gjörningaarkífið. Nú gefst því rúm til að þróa skráningargrunninn, skrá og safna frekari heimildum um gjörninga.

Markmiðið er að gera gjörningaarkífið aðgengilegt á Sarp, að útbúa leiðarvísi og skýrar leiðbeiningar hvernig haga eigi skráningu heimilda, færa gögn yfir á stafrænt form og uppfæra og endurhugsa varðveisluaðferðir. Brúnu og hvítu kassarnir eru vissulega fallegir og setja mikinn svip á rými safnsins en gögnin eru viðkvæm og þarfnast betri geymsluaðstöðu. Einnig liggur fyrir að útbúa umsóknarform fyrir rannsakendur og notkunarskilmála varðandi aðgang að gögnum og gera sérsniðin gjafabréf vegna heimilda í vörslu safnsins.

Það liggur stórt verkefni framundan í skráningu á sýningararkífi safnsins en safnið glataði öllum sýningarfærslum af heimasíðu sinni til ársins 2013 vegna mistaka hýsingaraðila þegar heimasíðan fór úr vörslu Netvistunar til 1984. Safnið er að endurskoða hvernig það varðveitir heimildir á netinu og er að vinna/finna nú upp tapað efni og skrá það um leið á Sarp. Anaelle starfsnemin okkar hefur unnið að því undanfarna mánuði að endurskrá alla sýninga- og viðburðarsögu safnsins, í rituðu efni sem og netlægu og færa yfir í nýja gagnaskrá með öllum þessum gögnum í tímalínu.

Við höfum nú nýlega hafið varðveislu á stafrænu efni safnsins, s.s. heimildum af samfélagsmiðlum og stafrænum sýningarboðum safnsins.

Heimildarsafn um glötuð verk / Archive of Lost Artworks er í þróun. Unnið er að skráningu hvers verks fyrir sig, sé útlit fyrir að það hafi glatast úr safneign á einhverjum tímapunkti sl. 40 ár. Með þessu nýja heimildarsafni vill safnið halda utan um horfin verk og finna leið til þess að miðla og varðveita upplýsingar um þau.

Unnið er að útgáfu um listamannarekin rými í Reykjavík með upplýsingum og gögnum sem finna má í heimildasafni um listamannarekin rými. Safnið hefur hafið að nýju skráningu á nýjum rýmum frá og með árinu 2014 og er að kalla eftir frekari gögnum í heimildasafnið.

Skráning á heimildarsafni um verk Ólafs Lárussonar stendur enn yfir og er nú verið að vinna að frekari tilhögun efnisins áður en það er skráð inn á Sarp.

Uppleggið í öllum þessum verkefnum er að halda áfram að takast á við hvernig við - Nýló getum talað um, miðlað og svarað spurningum um tímatengda list, heimildasöfn og safneignir. Allri þessari vinnu væri ekki hægt að sinna ef ekki kæmi til starfsnema safnsins.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

SAFNFRÆÐSLA OG LEIÐSAGNIR

Heimsóknir skólahópa halda áfram að aukast og safnið fær reglulega nemendahópa frá öllum mögulegu menntastigum. Starfsmenn skipta með sér leiðsögnum um yfirstandandi sýningar, ásamt því að fræða gesti um sögu safnsins, safneignina og heimildarsöfnin.

Frá síðasta ársfundi hafa starfsmenn safnsins tekið á mót 17 skólahópum í Marshall; 9 skólahópum á framhaldsskólastigi, 2 hópum á grunnskólastigi og 7 hópum á háskólastigi.

Eftirspurn eftir leiðsögnum um yfirstandandi sýningar og í Marshallhúsinu hefur aukist frá síðasta ársfundi, bæði hvað varðar skipulagðar ferðir fyrirtækja og annarra einkaaðila. Af áðurtöldum skólahópum voru samtals 16 hópar sem greiddu fyrir leiðsagnir um Nýló ásamt öðrum sýningarrýmum Marshallhússins á tímabilinu. Þar af voru 2 erlendir hópar.

Okkur telst að gestafjöldi allra heimsókna séu á milli 850 og 900 gestir.

LÁN Á LISTAVERKUM ÚR SAFNEIGN

Í haust var skipt um sýningu hjá lögfræðingum safnsins, Rétti - Ragnari Aðalsteinssyni. Verk eftir hóp nemendur frá Myndlista - og Handíðaskólanum í umsjón **Franz Graf** frá 1999, er áfram í láni síðan árið 2012 ásamt tveimur verkum eftir Hörð Ágústsson úr Formsmiðju. Einn af starfnemunum okkar, Maja fékk það verkefni að stýra og setja upp nýja sýningu hjá Rétti sem að fékk titilinn Umlykjandi eða Ambient. Verkin á þeirri sýningu eru m.a. eftir **Rúnu Þorkelsdóttur, Bjarna H. Þórarinsson, Traian Stanesco, Húbert Nóa Jóhannesson, Hring Jóhannesson, Ólaf Lárusson og Ragnheiði Þóru Ragnarsdóttur.**

Verk **Önnu Línal, Húsið og Tilbrigði**, bæði frá 10 áratugnum fóru á yfirlitssýningu hennar Leiðangur á Kjarvalsstöðum.

Listasafn Árnesinga fékk verkin *Án titils*, tvo skúlptúra eftir **Brynhildi Þorgeirsdóttur**, lánuð á sýninguna Verulegar.

Nýlistasafnið er að leggja grunn að tveimur gjaldskrám, annars vegar fyrir listasöfn í eigu ríkis/sveitarfélaga og svo fyrirtæki eða banka. Fyrstu verkin sem voru lánuð gegn þóknun var *Ó, Tarzan, segðu okkur hvað þú hugsar* eftir **Sigurð Guðmundsson** frá árinu 1968, á sýningu á vegum Arion Banka. Gjaldskráin svipar til gjaldskrá annarra listasafna.

Listasöfn í eigu ríkis/sveitarfélaga: 24.000 kr fyrir 1 - 3 verkum / 40.000 kr. fyrir 4 - 6 verk
Fyrirtæki: 2% af virði verksins, þetta á sérstaklega við um eldri verk úr stofngjöf safnsins sem þarf að forverja.

FORVÖRSLUVERKEFNI

Ó, Tarzan, segðu okkur hvað þú hugsar eftir **Sigurð Guðmundsson**. Skipt var um gler, lista og verkið hreinsað hjá Hilmarí í Morkinskinnu.

Fyrr á þessu ári lauk safnið löngu forvörsluverkefni og endurgerð á innsetningu eftir **Ívar Valgarðsson** frá árinu 1983. En stór hluti verkanna voru afar illa farin eftir að hafa verið í geymslu á Korpúlfsstöðum. Klara í Morkinskinnu vinnur nú að ljúka þeim hluta verksins sem safnið lét hreinsa og forverja.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Safnið mun ráðast í mjög stórt og brýnt forvörsluverkefni núna fljótlega á *Blóminu* eftir **Jón Gunnar Árnason**. Verkið er frá árinu 1967 sem var hluti af stofngjöf safnsins. Safnið fékk styrk frá Safnasjóði til að ráðast í það verkefni í samvinnu við Ólaf Inga og Helga Gíslason.

ÖNNUR VERKEFNI TENGD SAFNEIGN NÝLISTASAFNSINS

Verkin *Fóstur* frá 1967 og *Firring* frá 2000 eftir Arnar Herbertsson voru ljósmynduð fyrir nýútgefna bók um listamanninn. Einnig Andlitsmynd í regni eftir Jón Gunnar Árnason en það verk er í bókinni *Útisýningar á Skólavörðuholtinu* sem kom út síðasta sumar.

Becky safneignarfulltrúi skrifaði texta um verk Karlottu Blöndal *Innanúr / Within* í tengslum við varðveislu tímatengdra verka, fyrir útgáfuna: *Imaginations, Interiors, Surfaces: An Exhibition of Artefacts*, í ritsjórni Elizabeth A. Hodson, University of Aberdeen.

Safneignarfulltrúi Nýló var einnig ráðgefandi aðili Landsbókasafns Íslands varðandi varðveislu, skráningu og tilhögun á bókverkæign Landsbókasafnsins.

Safnið hefur verið í reglulegu samtali við Erik DeLuca, stundakennara við tónlistardeild LHÍ sem hefur komið með nemendur í heimsókn í safnið að skoða verk og heimildir um Flúxus á Íslandi og hlusta á hljóðverk eftir Dieter Roth. Elín og Becky héldu einnig fyrirlestur um óhefðbundna heimildasöfnun og ferlið frá rannsókn í tilbúið verk.

Á árinu var Nýlistasafnið beðið um taka þátt í **eftirliti Safnaráðs með viðkurkenndum söfnum**, í því fólst heilmikil skýrslugerð. Annars vegar var geymsluaðstæður safnsins í Breiðholti kannaðar, sem og sýningarrými í Marshallhúsinu. Safnaráð kom með tillögur að úrbótum fyrir bæði rýmin svo tryggja mætti betur hag verka í safneign, sem og verk sem eru hluti af sýningum safnsins. Tímaramminn sem safnið hefur til að bregðast við eru frá því að vera eitt til fimm ár, eftir því hversu flóknar og kostnaðarsamar úrbæturnar eru.

Skemmst er að nefna að í heild er ástand geymslna talið gott, en helstu athugasemdir snúast að hita og rakastjórnun. Einnig þarf Nýlistasafnið að vera vakandi fyrir varðveislu gripa sem þurfa kaldar geymslur, t.a.m. filmur og ljósmyndir, sem og þökkun gripa í geymslu. Eins og staðan er í dag eru gripir nú í þakkingum sem henta til flutninga og því höggvarðir, n.t.t. mikið til í bóluplasti. Ákjósanlegra er að verkin séu ekki jafn mikið varin þegar þau eru komin í varanlega geymslu en með því verður meira loftflæði um þau og minni líkur á að raki safnist upp innan umbúða sem kemst ekki í burtu sökum plasts.

Í athugasemdum í tengslum við sýningarsali í Marshallhúsinu var bent á að hugsað hafi verið til margra þátta sem koma að varðveislu en engu að síður felast áskoranir í því að vera með jafn marga glugga og eru til staðar. Mikið birtustig getur reynst viðkvæmum gripum líkt og textíl og ljósmyndum erfitt og huga þarf að hita og rakastýringu í rýminu.

SAMSTARF

Nýlistasafnið, Kling og Bang, i8 fyrir hönd **stúdíó Ólafs Elíassonar og Leifur Kolbeinsson** fyrir hönd veitingastaðarins niðri mynda saman rekstrarfélag um Marshallhúsið. Félagið hittist reglulega og ræðir öll þau mál sem að tengjast húsinu og taka ákvarðanir um framhaldið. Það hefur verið skammtileg áskorun að móta nýjan stað í borginni í samstarfi við nágretta okkar og þó við séum ekki sammála um allt hefur samstarfið gengið vel.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Nýlistasafnið heldur áfram samstarfi sínu við lögfræðistofu **Ragnars Aðalsteinssonar Réttur ehf.** við Klapparstíg. Um er að ræða samkomulag og vinnuskipti en Nýlóló setur árlega upp nýja sýningu með verkum úr safneign inn á sameiginleg rými stofunnar. Í staðinn aðstoða lögfræðingar Réttar með samninga og ýmis mál sem koma upp á safninu.

Starfsmenn safnsins halda áfram að taka reglulega á móti BA og MA nemendum í myndlist og listfræði við LHÍ og HÍ, og Myndlistarskólanum í Reykjavík.

Safnið heldur áfram að vinna með **Kvikmyndasafni Íslands** varðandi varðveislu á vídeóverkum safnsins og með **Borgarskjallasafninu** að skráningu og varðveislu heimildasafns Nýlistasafnsins, en þar má m.a. finna bréfasafn Nýlistasafnsins, sýningarboð og aðrar pappírshemildir.

TÆKJA- og SÝNINGABÚNAÐUR

Lagt var upp með á síðasta ári að safnið myndi uppfæra tækjalagerinn sinn og vinnutæki starfsmanna. Safnið fjárfesti í nýrri fartölvu handa safneignarfulltrúa og safnstjóra og nýjum prentara á skrifstofuna. Einnig nýrri borvél, leisermálbandi og leiserhallamáll, upphækkun og frekari stoðir á stillansinn. Við útbjuggum margnota gluggalokur til að myrkva allt rýmið og svo fékk Nýlóló juðara í afmælisgjöf frá Kling og Bang!

Enn er unnið að betra skipulagi og uppsetningu á skrifstofunni, aðstöðu starfsnema og fremra rýminu sem betur verður farið í síðarmeir í þessari skýrslu.

STARFSLEYFI!!!

Í mars á þessu ári gekk starfsleyfi Nýlistasafnsins loksins í gegni eftir 7 ára ferli. Eftir að hafa margreynt að fá núverandi eiganda að Völvufelli til þess að ganga þannig frá rýminu í Breiðholti var ákveðið að sækja um starfsleyfið fyrir safnið hérna í Marshallhúsinu. Þannig að núna er Nýlóló viðurkennt safn með starfsleyfi og á engum undanþágum frá Safnaráði.

STARFSSTEFNA NÝLISTASAFNSINS 2018 - 2022

Þar sem undirrituð er fráfarandi formaður stjórnar vil ég bjóða næsta kjörna formanni að lesa yfir og leggja lokahönd á nýja starfsstefnu safnsins ásamt stjórn og skila inn til höfuðsafnsins til staðfestingar. Á fjögurra ára fresti er söfnunar - og sýningarstefna safnsins endurskoðuð og betrumbætt í takt við áherslur stjórnar. Í skipulagskrá Nýlistasafnsins stendur að safninu beri að *efla listaverkæign sína þannig að hún gefi sem gleggsta sýn á myndlist hvers tíma í hugmyndafræðilegum, verklegum og sögulegum skilningi*. Með það að leiðarljósi hefur söfnunaráherslan tekið fyrst og fremst mið af þeim sýningum sem safnið stendur fyrir, þeim listamönnum sem sýna í safninu og verkunum sem verða til. Eðlilegt er að þessir tveir þættir haldist í hendur; að safnið safni að stærstum hluta sinni eigin sýningarsögu.

Nýlistasafnið hefur haft mjög stóru og mikilvægu hlutverki að gegna í þau 40 ár sem það hefur verið starfandi og þarf stöðugt að vera með þriðja augað opið gagnvart listinni. Að hlúa að þeim sem listasögunni hættir til að gleyma, að efla hlut kvenna, að sýna verk nýútskrifaðra og ungra listamanna til jafns á við eldri listamenn, erlenda listamenn og huga að minnihlutahópum. Í stuttu máli sagt eiga sýningaráherslur safnsins að einkennast af

Nýlistasafnið The Living Art Museum

fjölbreytileika og sýna þverskurð af samtímanum, af því sem er að gerast í hér heima og erlendis og vera virkur þátttakandi í alþjóðlegri umræðu um samtímalist.

Safnið nýtur þeirra einstöku forréttinda að búa að listaverkæign sem byggist á gjöfum listamanna. Þetta er mjög mikilvægt atriði sem þarf að hafa í huga og fara vel með. Ef marka á sýningarsöguna ætti Nýlistasafnið að eiga miklu fleiri verk eftir listakonur, en líka karlmenn. Sagan er ekki samfelld, hún er gloppótt og afar breysk.

Næsta stjórn mun halda áfram að ræða hvernig Nýlistasafnið á að safna *núna* en það er nokkuð ljóst að vægi Nýlistasafnsins varðandi söfnun á samtímalist er engu síðri en áður og safnið leikur lykilhlutverk í söfnun og varðveislu á gjörningum og heimildum um tímatengd verk.

Póknunartaxti til listamanna

Stjórn Nýlistasafnsins hefur undanfarin ár reynt eftir fremsta megni að greiða listamönnum sem sýna í safninu. Í vor 2017 ákvað Nýlistasafnið að festa þessa póknun inn í samning til listamanna sem sýna í safninu. Póknunin miðast við fjölda listamanna og er óháð lengd sýningatímabils. Stjórnin endurskoðar sýningarþóknunina á hverju ári, með tilliti til framlaga frá ríki og borg, með það fyrir sjónum að geta hækkað taxtann ár frá ári. Drögin taka bara mið af sýningum á verkum í eigu listamanna, ekki þeim sem Nýlistasafnið hefur til varðveislu. Það fjármagn er ekki til.

Á árinu 2017 greiddi safnið **767.942** kr í póknun til listamanna, fyrir þrjár sýningar. En á árinu 2018 verða greiðslur til listamanna, vegna fimm sýninga 1.350.000 krónur. Stjórn safnsins er stolt og ánægð að borga þessa upphæð þó svo að hún sé ekki há, þá er hún stórt skref fyrir sjálfseignarstofnun. Að auki aðstoðar safnið listamenn að sækja um styrki fyrir gerð verka sinna. Sú leið hefur reynst betur heldur en að safnið sækji sjálft um styrki fyrir sýningarhaldi sínu.

Póknunartaxti vegna sýninga Nýlistasafnsins árið 2018

Einkasýning - póknun til listamanns: 180.000 ISK

Samsýning 2 - 3 listamenn: 270.000 ISK (135, 90)

Samsýning 4 - 7 listamenn: 360.000 ISK (90, 72, 60, 51.430)

Samsýning 8 + : 450.000 ISK (56.250, 50, 45þús, 41þús, 37.500)

Að auki fá einstaklingar greitt 12.000 krónur fyrir þáttöku á málþingum, umræðum, gjörningum eða öðrum viðburðum á vegum safnsins.

FJÁRMÁLASAMNINGAR VIÐ RÍKI OG BORG

Elín Þórhallsdóttir framkvæmdarstjóri mun kynna innan skamms ársreikninga 2017 og rekstraráætlun ársins 2018, en áður en hún gerir það mun hér fara fram stutt úttekt á stöðu styrktarsamninga safnsins við ríki og borg.

Eins og kom fram í síðustu ársskýrslu að þegar útlit var fyrir að Nýlistasafnið myndi flytja inn í Marshallhúsið, sótti safnið um aukið fjármagn hjá bæði Reykjavíkurborg og ríki, sem endurspegladi þá hlutfallslegu hækkun á rekstrarumfangi safnsins með tvískipta starfsemi, margföldun í aðsókn og aukinn opnunartíma.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Tryggð framlög næstu ára þurfa að hækka til að ná betur upp í rekstrarumfang safnsins. Þörf er á að ráða starfsmann frammi sem sinnir ýmsum verkefnum ásamt því að taka á móti þeim fjölmörgu gestum sem sækja safnið í Marshallhúsinu. Einnig þarf að ráða inn fræðslufulltrúa- og verkefnastjóra í nálægri framtíð. Safnið vill geta greitt listamönnum hærri þóknun fyrir að sýna í safninu. Þó svo að stjórn, starfsfólk og starfsnemar komast langt með uppsetningu og niðurtöku sýninga er nauðsynlegt að geta ráðið einstaklinga í þessa vinnu líka til þess að létta á álaginu.

Stjórn og starfsmenn hafa unnið að nýju rekstrarfyrirkomulagi og áætlun með þessa þætti í huga. Upplaggið er að dreifa rekstri safnsins jafnt á þrjá vegu milli okkar, ríkis og borgar.

Afrakstur þessarar miklu umsóknarvinnu skilaði sér í töluverðri hækkun á framlagi Reykjavíkurborgar og samstarfssamningi til þriggja ára með 17.3 milljónir á ári. Á kynningu safnsins fyrir menningar og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar var formaður nefndarinnar mjög ósátt við að safnið hugðist ekki innleiða aðgangseyri á sýningar þegar augljóst var, að þeirra mati að það myndi leysa stóran fjárhagsvanda safnsins. Safnið var beðið að færa ítarleg rök fyrir því í kjölfar umsóknar sinnar sem það og gerði. Stjórnin þarf þó að taka þetta samtal varðandi aðgangseyri reglulega og fara í gegnum kosti þess og galla.

Í byrjun ársins 2017 kom skellur, á fjárlögum var tekið fram að Nýló myndi hljóta 300þús króna hækkun en sú 3% aukning byrjaði ekki að skila sér inn fyrr en eftir síðasta ársfund, þegar safnið hafði sent inn erindi til þess að fá staðfestingu á þessari hækkun. En svo að það sé tekið fram hér um leið að þá voru í raun þrír mennta-og menningarmálaráðherrar starfandi á árinu 2017 og mál Nýló voru ekki þau einu sem féllu á milli þilja.

Safnið fékk loksins fund með **Kristjáni Þór Júlíussyni** mennta - og menningarmálaráðherra þann 14. september 2017 eftir 9 mánaða bið. Ráðherra kom í heimsókn og fékk formlega afhenta umsókn um aukningu á fjárlögum fyrir árið 2018, umsókn um hækkun næsta þriggja ára fjárlagasamning, ásamt nýrri umsókn um stofnstyrk vegna flutninga í Marshallhúsið. Fyrir miðnætti sama dag féll ríkisstjórnin...

En fundurinn og samtalið við ráðherra skilaði sér þó í stofnstyrk frá ríki að upphæð 2.5 milljónum sem dróg úr rekstrarhalla ársins og fjárlögin hækkuðu úr 9.3M í 10M fyrir árið 2018.

Fjárlög frá ríkinu hafa því hækkað um 1M frá 2016 - 2018, á meðan safnið var í reglulegum samskiptum við ríkið um aukningu sem tekin væri í skrefum og myndi ná 15 M árið 2018. Í samningnum við ríki eru skýr ákvæði, komi til verulegra breytinga á rekstri og aðstæðum safnsins geti viðkomandi safn óskað eftir hækkun á meðan 3. ára samningi stendur.

Þar sem að þessir tveir samningar skipta miklu máli varðandi framhald safnsins viljum við undirstrika þróun þeirra undanfarin ár.

Þróun styrkjasamninga við Reykjavíkurborg hefur verið á þessa vegu

2013 - 2015 / 5.000.000 ISK - lok þriggja ára samnings

2016 / 9.500.000 ISK - samningur til eins árs vegna undirbúning Marshallhússins

2017 / 12.500.000 ISK - samningur til eins árs vegna flutninga í Marshall og breytinga í rekstri

Nýlistasafnið The Living Art Museum

2018 - 2020 / 17.300.000 - samningur til næstu þriggja ára með tilliti til áætlaðs rekstrarumfangs safnsins

Þróun fjárlagasamninga við ríki hefur verið á þessa vegu

2013 - 2015 7.200.000 - 7.000.000 ISK

2016 / 9.000.000 ISK - óskað eftir 11.000.000 ISK

2017 / 9.300.000 ISK - óskað eftir 12.000.000 ISK

2018 / 10.000.000 ISK - óskað eftir 15.000.000 ISK

Á drögum fjárlaga gerir ríkið ráð fyrir að veita safninu áfram 10 milljónir til næstu ára. En safnið þarf fyrst að samþykkja og skrifa undir þann samning sem mun gilda fram til loka árs 2021.

Ríkið hefur þar til ársins 2016 verið hæsti bakjarl safnsins, en hefur síðan þá meðvitað dregist langt aftur úr. Árið 2000 voru fjárlög til safnsins á ári (þá voru ekki komnir samningar til þriggja ára), 4 M - sem eru að núvirði rúmlega 9 M. Það þýðir að fjárlög ríkisins hafi fylgt eðlilegri verðlagsþróun sl. 18 ár en ekki tekið breytingum í takt við nýtt húsnæði, aukin verkefni eða breytingar á rekstri. Þessu þarf að hamra á.

Þegar þessi skýrsla er skrifuð er safnið enn að bíða eftir fundi með nýjum ráðherra með vísan í fyrri samskipti safnsins, erindi og áform um nýtt húsnæði, án þess að skrifstofa ráðherra hafi getað fest niður fundartíma. Ráðherra hefur einnig verið boðið á sýningaropnanir en hefur þurft að afþakka vegna anna.

Mikilvægasta verkefni nýs formanns og safnstjóra er því að ná fundi með Lilju Alfreðsdóttur og ræða næstu fjárlög og reyna eftir fremsta megni að ná þeim upp að einum þriðja af rekstrarbyrði safnsins. *Ef stjórn á að vera raunsæ er þetta kannski lokaatlagan varðandi ríki í billi, útaf því að tíminn og orkan sem að hefur farið í þetta er mjög mikil, ef að safnið getur ekki reitt sig á ríki, þá þarf stjórn að finna aðrar leiðir að eigin fjáröflun, og það er að eignast góðan bakjarl. En spurningin er við hvern og með hvaða leiðum? Það er ekki í boði að dýrmætir verkefnastyrkir sem að safnið hlýtur, hverfi inn í þann rekstur sem vantar upp á og það er alltaf hættan. Okkur vantar 4 milljón króna styrktarsamning til þess að geta haldið áfram að gera hlutina vel.*

EIGIN INNKOMA

En Nýlistasafnið er sjálfseignarstofnun og er starfsfólk og stjórn mjög meðvituð um eigin ábyrgð á rekstri safnsins. Hlutverk stjórnar er að halda áfram að finna skapandi leiðir til að efla eigin fjárhag án þess að allur tími starfsmanna fari að snúast um að afla tekna, það er hætt við því. Stærsti hluti vinnu starfsmanna sumar og haust 2017 fór í umsóknagerð.

Niðurstaða annarra styrkumsókna - frá **Myndlistarsjóði** hlaut Nýló alls 1.300.000 ISK í undirbúning og verkefnisstyrk fyrir afmælissýningu safnsins.

Úr **Safnasjóði** hlaut 2.900.000 ISK fyrir verkefni safneignar á árinu;

1.200.000 ISK fyrir afmælissýninguna, dagskrá og útgáfu.

700.000 ISK fyrir forvörslu, viðgerðum og flutningi á Blóminu, eftir Jón Gunnar Árnason.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

1.000.000 fyrir áframhaldandi skráningu á gjörningaarkífinu.

Safnið hlaut 2.5M í stofnstyrk frá ríki sem deilist á milli 2017 og 2018.

Starfsmenn safnsins sóttu um og fengu 1.000.000 ISK í styrk frá 100 ára Fullveldi Íslands fyrir afmælistýningu sína og dagskrá tengdri henni.

Safnið hlaut 500.000 ISK frá Bókmenntasjóði vegna væntanlegrar útgáfu um listamannarekin rými í Reykjavík.

Eigin tekjur

Eins og tekið var fram á síðasta ársfundi var kominn tími á að nýta peninginn frá **fjáröflun safnsins árið 2014** í flutning, frágang og standsetningu rými safnsins í nýju húsnæði. Stofnstyrkur frá ríki hjálpaði vissulega til og styrkur frá safnasjóði sömuleiðis en safnið er í fyrsta sinn í þrjú ár að greiða húsnæðisleigu í einhverju mæli. Þó að fermetraverðið sé hagstætt er rýmið og sameignin mjög stór.

Á samráðsfundi fulltrúaráðs safnsins í janúar á síðasta ári var ein uppástungan sú að Nýló merkti millifærslur frá þeim reikningi sem lán. Það er einn möguleiki en án tryggingar að sá peningur komi tilbaka nema að safnið eignist frekari fjármuni.

En rekstrarhalli ársins 2017 var bættur upp með fjáröflunarpeningnum og mun Elín fara betur yfir það hér á eftir.

Velunnarhópur safnsins sýningarárið 2017 - 2018 stóð á 1.480.000 sem er smá aukning frá því í fyrra. Lagt er upp með að efla þennan hóp en það er aldrei hægt að ganga að þessum framlögum sem vísun. Fjáröflunin miðar að því að bjóða einstaklingum upp á mismunandi styrktarleiðir, á móti fær viðkomandi aðili ýmislegt í staðinn sem að safnið getur boðið upp á. Eintak af verki sem Nýló kommissjónar á hverju ári, leiðsagnir, lán á rými, lán á listaverkum.

Alls greiddu 209 fulltrúar ámsgjaldið árið 2017 og um 26 manns greiddu eldri ámsgjöld, allt frá árinu 2012. Töluverð hækkun var því á framlagi fulltrúa árið 2017 sem er afar gleðilegt eða frá 770.100 kr upp í 1.004.600 kr. Eins og stendur í skipulagsskrá geta allir þeir sem hafa áhuga á myndlist sótt um að ganga í fulltrúarráð Nýló. Í dag, 9. maí - telur hópurinn 343 einstaklinga, ef væntanlegir fulltrúar eru taldir með. En fjöldinn á bakvið fulltrúaráðið er bara innantóm tala ef hún endurspeglar ekki virka meðlimi. Framlag fulltrúa frá upphafi nær langtum lengra heldur án árlegu félagsgjöldin. En þau eru mikilvægasta framlagið í ársreikningunum og gefur jafnframt þau skilaboð að það sér virk samstaða á bakvið safnið.

Samkvæmt úttekt endurskoðanda safnsins standa samansafnaðar skuldir fulltrúaráðsins á rúmri milljón á hverju ári. Safnið fór í gegnum fulltrúalistann í fyrra og hafði samband við alla þá sem höfðu ekki greitt árgjaldið í nokkur ár. Safnið þarf að gera slíkt hið sama í ár.

Eigin tekjur af **bóksölu og safnbúð safnsins** var 726.390 krónur árið 2017 sem er þreföld aukning frá síðasta ári. En safnið gaf út nýja bók á árinu og á menningarnótt opnaði Nýló litla bókabúð í fremra rými sínu með titlum í umboðssölu. Lagt er upp með að stækka búðina enn frekar og bæta við fleiri titlum. Safnið leggur líka upp með að láta prenta meira af plakötum og pokum sem er mjög vinsæll varningur.

Annar tekjuliður sem hefur tekið miklum breytingum eru *leiðsagnir* í safninu og svo í öllu húsinu. Safnið setti upp *framlagakassa* fyrir sumarið og eru gestir hvattir til að leggja til

Nýlistasafnið The Living Art Museum

smá aur og safnast nokkrir þúsundkallar á viku sem munar um. Nýló hefur nú útbúið samning um leigu á rými safnsins í Marshallhúsinu fyrir viðburði á milli sýninga. Safnið hefur leigt út rými sitt fyrir tvo stutta viðburði frá því á síðasta ársfundi. Annars vegar var það kynning á náttúrulega frá sprotafyrirtækinu Florealis sem unnið var úr sjávarpara. Og kynning Startup Reykjavík í mars, sem gekk út á að hvetja konur til þátttöku í nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi.

Helstu styrktaraðilar safnsins eru **Slippfélagið** sem útvega safninu málningu og efni fyrir 300.000 á ári. En **Haugen ehf.** hætti styrktarsamningi sínum við safnið í byrjun ársins 2018 eftir tæplega 5 ára styrktarsamning. Nýló vill þakka Haugen kærlega fyrir allan bjórinn. Eins og er hefur safnið keypt bjór af Kalda sem gefur einn kassa á móti einum sem að safnið hefur keypt.

Prentmet, Oddi og Háskólaprent eru þær prentstofur sem safnið stundar viðskipti við. En ágætur samningur náðist við **ODDA** vegna næstu bóka á vegum safnsins þar sem Nýló fær veglegan afslátt af prentun.

YTRI STARFSEMI

SÝNINGAR, VIÐBURÐIR OG ÚTGÁFUR

Sýningin **Rolling Line** var fyrsta sýning safnsins sem að opnaði í nýju rými. Sýningin spannaði rúman áratug af verkum og listheimildum eftir **Ólaf Lárusson** (1951 – 2014) einum af stofnanda Nýló. Þetta var í fyrsta sinn sem sett var upp yfirlitsýning á verkum Ólafs. Sýningarstjórar voru Þorgerður Ólafsdóttir og Becky Forsythe, sýningarhönnun var unnin í samstarfi við Thomas Pausz.

Sýningin **YFIRLESTUR myndlist í bókaformi - Sjóndeildarhringur**, með bókverkum úr safneign Nýlistasafnsins opnaði í apríl eins og kom fram í síðustu ársskýrslu, í umsjón **Heiðars Kára Rannverssonar** listfræðings. Sýningin stóð til september þegar hún tók breytingum og sett voru upp bókverk til sýnis undir yfirskriftinni **Ævintýri**. Sú sýning stóð til 13. desember. Meðal listamanna sem áttu verk á sýningunni voru **Erla Þórarinsdóttir, Kristján Steingrímur, Helgi Þorgils, Annie Wright, Sigurður Guðmundsson, Ragna Hermannsdóttir, Vera Roth, Ingólfur Arnarsson** ofl.

Bókin **Án titils / Untitled** var gefin út 2. júní rétt fyrir lok sýningarinnar Rolling Line. Tilgangurinn með bókinni var að gefa Ólafi Lárussyni betri skil í listasögunni og miðla því gífurlega magni af efni sem safninu var ánaðnað síðastliðið ár frá fjölskyldu listamannsins. Útgáfan inniheldur því mikið magn myndefnis og heimilda frá vinnustofu Ólafs Lárussonar, nýtt heimildasafn sem að safnið varðveitir nú. Í bókinni er texti eftir Halldór Björn Runólfsson og viðtöl sem tekin voru við vini Ólafs og samtímamenn, yfir tæpt ár í aðdraganda sýningarinnar. Þ.á.m. **Hrein Friðfinnsson, Hildi Hákonardóttir, Kees Visser, Kristján Guðmundsson, Magnús Pálsson, Niels Hafstein, Rúrí, Sigurður Guðmundsson og Þór Vigfússon**. Í textanum eru einnig brot úr viðtölum við Ólaf sjálfan ásamt ítarlegu æviágripi listamannsins.

HAPPY PEOPLE - Reykstofa í sýningarstjórn **Arnars Ásgeirssonar** opnaði 24. júní og stóð til 30. júlí með verkum rúmlega 20 listamanna, íslenskum og erlendum. Listamennirnir sem tóku þátt voru - **Anna Hrund Másdóttir (IS), Brynhildur Þorgeirsdóttir (IS), Darri Lorenzen (IS), David Bernstein (US), Eggert Pétursson (IS), Eloise Bonneviot (FR),**

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Geirprúður Einarsdóttir (IS), Guðmundur Thoroddsen (IS), Gustav Wideberg (SE), Gylfi Sigurðsson (IS), Hrafnhildur Helgadóttir (IS), Hildigunnur Birgisdóttir (IS), Hreinn Friðfinnsson (IS), Juan-Pedro Fabra Guemberena (UY/SE), Lars TCF Holdhus (NO), Loidys Carnero (CU), Mehraneh Atashi (IR), Yaima Carrazana (CU), Yazan Khalili (PS), Yosuke Amemiya (JP), Žilvinas Landzbergas (LT).

Á meðan sýningunni stóð voru haldin sérstök reykkvöld vikulega á fimmtudagskvöldum þar sem gestum bauðst að anda að sér verkunum á sýningunni. Listamenn sem tóku þátt í reykkvöldunum og fluttu tímatengd verk: **Steingrímur Teague og Kokteileðlunnar, Almar Atlason og Óskar Þór Ámundason, Una Margrét Árnadóttir, Arnar Ásgeirsson, Jón Örn Loðmfjörð, Kristín Svava Tómasdóttir, Fríða Ísberg, Ásta Fanney, Brynjar Jóhannesson, Gunnar Gunnsteinsson og Steinunn Eldflaug Harðardóttir.**

LEIÐANGURINN Á TÖFRAFJALLIÐ er verkefni sem mun spanna allt að 7 ár. Einn viðkomustaður leiðangursins á sínu ferðalagi var Nýlistasafnið. Leiðangursfélagar eru **Ása Helga Hjörleifsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Gauti Kristmannsson, Haraldur Jónsson, Karlotta Blöndal, Steingrímur Eyfjörð og Unnar Örn J. Auðarson.** Í aðdraganda sýningarinnar stóð leiðangurinn fyrir Útvarp Töfrafjall sem var röð útvarpsþátta sem má enn nálgast á heimasíðu safnsins. Ennfremur gaf hópurinn út plötu - Ómur af Töfrafjalli við opnun sýningarinnar.

Sýningin opnaði mánudaginn 21. ágúst á nýju tungli með gjörningum þar sem gestir fengu m.a. vottorð fyrir líkamshita sínum. Á meðan sýningunni stóð var leiðangurinn með þrjá viðburði; Listamaðurinn sem miðill, Kortagerð og Þýðingar, Tónlist af Töfrafjalli og bauð til sín breiðum hópi af fræði- og listamönnum til þess að taka þátt á þessum kvöldum.

SEQUENCES VIII

Sýning **Joan Jonas, Does the Mirror Make the Picture**, opnaði 6. október og stóð til 10. Desember. Joan sem jafnframt var heiðurslistamaður Sequences myndlistarhátíðar sem fram fór í áttunda sinn síðastliðið haust, er algjör frumkvöðull á sviði vídeólista. Hún sýndi í Nýló úrval verka frá mismunandi tímabilum ferils hennar – allt frá fyrstu vídeóverkum hennar frá 7. áratugnum til til nýrra verka sem hún vann á nýlegum ferðum sínum um Feneýjar, Singapore, Nova Scotia og Víetnam. Það kom í ljós að þetta var í annað sinn sem að Joan sýndi í Nýló, en hún var með einkasýningu á vídeoverkum á Vatnsstíg 1985.

Sýningastjóri hátíðarinnar 2017 var **Margot Norton**, sýningarstjóri New Museum í New York. Framkvæmdarstjóri hátíðarinnar var **Edda Kristín Sigurjónsdóttir**. Í tilefni af þátttöku sinni á Sequences flutti Joan einnig tilraunafyrirlesturinn *Moving Off the Land* í Tjarnarbíói, í samstarfi við íslenska tónskáldið Maríu Huld Markan. Aðstoð og undirbúningur verksins var í höndum Dorothee Kirch.

Sequences myndlistarhátíðin heldur áfram að vera í umsjón Nýlistasafnsins, Kling og Bang og Kynningarmiðstöðvar Íslenskrar Myndlistar.

Þann 16. desember hélt stjórn í fyrsta sinn **MYNDLISTARBINGÓ NÝLÓ** sem fékk frábærar viðtök og þátttöku framar vonum. 28 listamenn og fulltrúar safnsins gáfu verk í Bingóið. Arnar Ásgeirsson, Örn Alexander Ámundason, Sigrún Gyða Sveinsdóttir og Hildur Elísa Jónsdóttir voru bingóstjórar. Allur ágóðinn af bingóinu fór inn í sýningarhald safnsins á þessu ári. Stjór stefnir á að halda bingó aftur á þessu ári.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Frekari viðburðir í desember fóru fram á Jólábúðingnum, sem var með lifandi dagskrá í safninu, Matarlausi matarmarkaðurinn & Radio Sandwich. Listamenn sem tóku þátt og sýndu verk voru **Ívar Glói Gunnarsson, Geirþrúður Einarsdóttir og Gylfi Freeland Sigurðsson, Kristín Helga Ríkharðsdóttir og Bára Bjarnadóttir**. Í kjölfarið var Ljóðakvöld þar sem sex skáld lásu uppúr nýútgefnum ljóðabókum sínum: Bergþóra Snæbjörnsdóttir, Fríða Ísberg, Hallgrímur Helgason, Jón Örn Loðmfjörð, Kristín Ómarsdóttir og Kött Grá Þjé.

2018

Þann 5. janúar fagnaði Nýlistasafnið 40 ára starfsafmæli. Fyrsta verkefni stjórnar á nýju ári var að slá upp **afmælisveislu Nýlistasafnsins** á afmælisdeginum sjálfum í Marshallhúsinu. Það var því haldið gjeggað partý fyrir fulltrúa, fram komu **DJ Logi Leó og Chooc Ly Tan, The Post Performance Blues Band og Bjartar Sveiflur**.

DISTANT MATTER eða Fjarrænt efni var fyrsta sýningin á árinu með nýlegum verkum eftir **Katrínu Agnesi Klar og Lukas Kindermann**. Sýningin opnaði 19. janúar í sýningastjórn Becky Forsythe, safneignarfulltrúa. Katrín og Lukas búa og starfa í Munich og var þetta fyrsta yfirgripsmikla sýningin þeirra á Íslandi.

Sýning **Rögnu Róbertsdóttur, Milli fjalls og fjöru** opnaði þann 24. mars sl. og mun standa til 19. maí. Sýningastjórar eru Þorgerður Ólafsdóttir og Becky Forsythe. Í tilefni af sýningunni kom út yfirlitsrit um feril Rögnu frá 1984 - 2017, gefið út af DISTANZ bókaforlaginu í Berlín sem Studio Studio hannaði. Á

Aðrir viðburðir

BA/MA nemendum í þverfaglegum kúrsi hjá Erik de Luca var boðið að vera með viðburðakvöld í safninu núna í apríl og héldu, Babel Radio 101.1 FM sem var jafnframt lokaverkefni þeirra í þessum kúrsi. <https://www.erikdeluca.com/summer-scores>

Nýló kórinn frumflutti þrjú verk frá síðasta ársfundi í Nýló. Verkið Stilling, Saga rúðupurrkunnar eftir Bryndísi Hrönn Ragnarsdóttur, "Opera of her Spring" eftir Ingibjörgu Magnadóttur og "Bernska / Sáttmáli, hljómur í margradda heimi" eftir Önnu Eyjólfsdóttur. Stjórnandi Pétur Eggertsson.

Önnur verkefni Nýlistasafnsins

Dagana 21. til 24. september tók Nýlistasafnið þátt í Flotilla sem var ráðstefna listamannarekinna rýma í bænum Charlottetown, Kanada. Fyrir hönd Nýló fóru Elín Þórhallsdóttir, framkvæmdarstjóri, Örn Alexander Ámundason og Una Margrét Árnadóttir, listamenn. Aðstandendur Flotilla buðu Nýló að vera þátttakandi og framlag hópsins var að kynna starfsemi safnsins og draga fram sérstöðu þess, með áherslu gjörningaarkif safnsins, en á kynningunni flutti Örn gjörning og Una gaf gjörning í arkífið. Á lokadegi fluttu Örn og Una saman gjörning þar sem gestir tóku þátt. Á ráðstefnunni gafst Nýló gott tækifæri til að stækka tengslanet sitt og kynna sig út á við en meginmarkmið með Flotilla var að efla tengslanet listamannarekinna rýma og kynnast mismunandi aðferðafræðum. Fulltrúum Nýló gafst færi á að hitta fjölbreyttan hóp af fólki með ólíkan bakgrunn með sameiginleg markmið, þ.e. að hlúa að grasrótastarfi í myndlist og vera ákveðinn drifkraftur í því umhverfi.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Fjallað verður um Nýlistasafnið í væntanlegri útgáfa um listasöfn á Íslandi sem gefin er gefin út af Háskóla Íslands. Bergsveinn Þórsson listfræðingur fékk það verkefni að skrifa kaflann um Nýlistasafnið. Mastersritgerð Bergsveins frá Listfræði 2012 hét Lifandi höfundur: Nýlistasafnið, höfundarvirkni og menningarlegt vald.

Safnið gaf út í maí nýjan og veglegan kynningarbækling um safnið á íslensku og ensku og mun dreifa honum um bæinn. Markmiðið er að ná til fleiri ferðamanna og auka enn frekar gestafjölda í Marshallhúsið.

NÆSTU VERKEFNI

Stjórn Nýló hefur unnið að marglaga dagskrá í tilefni af 40 ára afmælinu sem dreifist um árið en þungamiðja hennar fer fram núna í sumar. Frá því í janúar hefur Nýló sent frá sér reglulega pistla í samstarfi við listamenn sem Víðsjá birtir. Fyrstu pistlarnir komu frá Þorgerði Ólafsdóttur, Starkaði Sigurðssyni, Báru Bjarnadóttur og Bjarka Bragasyni. Hægt er að nálgast alla pistlana inn á Menning - Pistlar.

40 ára afmælistýning Nýlistasafnsins opnar 8. júní með verkum 20 listamanna. Í desember kallaði stjórn safnsins eftir tillögum að verkum fyrir afmælistýninguna og hvatti sérstaklega listamenn sem höfðu verið starfandi í fimm ár eða skemur, til þess að sækja um. Stjórn fékk mjög margar umsóknir og valdi tillögur frá **Andreas Brunner, Auði Lóu Guðnadóttur & Starkaði Sigurðarssyni, Ásgerði Birnu Björnsdóttur, Kristínu Helgu Ríkarðsdóttur, Veigari Ölni Gunnarssyni og Sögu Sigurðardóttur**. Undanfarnar vikur og mánuði hefur stjórn verið að velja verk úr safneign á sýninguna, bæði úr stofngjöf safnsins og nýlegar verkgjafir. Endanlegur listi verður birtur á heimasíðu safnsins innan skamms. Dagskrá sýningarinnar verður marglaga með viðburðum, gjörningum og listamannaspjalli yfir sumarið í samstarfi við listamenn sýningarinnar.

Hluti af afmælis dagskránni er verk stjórnar sem hefur fengið titilinn - BOÐUN þar sem fulltrúar safnsins eru beðnir um að mæta þann 14. júní fyrir utan Marshallhúsið kl. 18:00.

Á menningarnótt hefur safnið boðið skosku listakonunni **Anna McCarthy** í samstarfi við Manuela Rzytki að flytja tónlistargjörninginn WHAT ARE PEOPLE FOR. Anna býr og starfar í Munich og það hefur verið lengi á óskalista stjórnar að bjóða henni til landsins.

Safnið er um þessar mundir að skipuleggja **Málþing um listamannarekin rými**, með það fyrir sjónum að skapa umræðuvettvang um tilgang þeirra, stöðu, framtíð og málefni, sem haldin verður síðustu vikuna í ágúst. Málþingið kemur til vegna væntanlegrar **útgáfu safnsins um listamannarekin rými í Reykjavík**. Hönnuður bókarinnar er Ármann Agnarsson, ritstjórn bókarinnar er Þorgerður Ólafsdóttir, Becky Forsythe, Kolbrún Ýr Einarsdóttir og Birkir Karlsson í samstarfi og samtali við marga listamenn og listfræðinga.

Fyrsta sýningin sem opnar í haust er svo einkasýning **Eyglóar Harðardóttur** sem mun sýna ný verk.

Eitt verkefni sem skipulagt er fyrir næsta ár og stjórn langar að deila, er að við höfum verið í viðræðum við LHÍ um að setja upp útskriftarsýningu MA nemenda í myndlist í Nýló næstu þrjú árin. Við hlökkum mikið til samstarfsins við skólann og erum gífurlega ánægð að þessi brú hafi verið lögð inn í framtíðina.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Eitt ár í Marshallhúsinu

Kæru fulltrúar, nú þegar safnið hefur haft viðveru í eitt ár í Marshallhúsinu, er stjórn og starfsfólk margs vísari. Viðtökurnar á nýjum stað hafa verið mjög jákvæðar. Rúmlega 23.000 manns heimsóttu safnið á nýjum stað árið 2017. Sem er nærri þreföldun í aðsókn.

Ákvörðun fulltrúaráðsfundar Nýlistasafnsins 5. janúar 2017, að flytja sýningarstarfsemi safnsins í Marshallhúsið, var ekki bara tekin fyrir safnið. Það var líka áhugi að gefa þessu séns fyrir myndlistarumhverfið.

En það er líka nauðsynlegt að Nýlól spyrji sig hvernig líðanin sé á nýjum stað. Safnið er enn að aðlagast breyttum rekstri sem hefur aukist um helming á einu ári og fer hækkandi. Umfangið er að þenjast út á miklum hraða - safnið hefur áður verið í þeim sporum. Frá því árið 2002, eftir að Nýlól missti húsnæði sitt á Vatnstíg 3, hefur safnið flutt fimm sinnum, það eru flutningar að meðaltali þriðja hvert ár. Vinnan og kostnaðurinn sem hefur farið í þær framkvæmdir hafa tekið mikinn tíma og orku frá stjórninni, orku sem betur væri nýtt í áframhaldandi hvatningu og miðlun á samtímalist.

Meðalfjöldi sýninga safnsins undanfarin 10 ár hafa verið um 7 sýningar á ári. Árið 2018 er gerlegt að setja upp fimm sýningar í Marshallhúsinu án þess að fara umfram áætlanir. Óskín er sú að geta fjölgað sýningum og stefnt er að bæta við a.m.k. einni á næsta ári. En í dag greiðir safnið listamönnum laun sem að sýna og leggur til hærri upphæðir í sýningargerð en áður. Stjórn sér fram á að þurfa lækka kostnaðinn við hverja sýningu *til þess að fjölga þeim enn frekar, komi ekki til hækkunar á fjárframlagi.*

Stjórn og starfsfólk hefur verið að kynnast rýminu síðasta ár, það er töluvert stærra, hærra, harðara og gleypir allt hljóð. Það er meiri vinna og tímafrekara að setja upp sýningar, en mannaflinn er sá sami og hefur verið síðustu ár. Stundum er eins og það gleymist að Nýlól er enn þann dag í dag meira rekið í sjálfböðastarfi og ólaunaðri vinnu stjórnar og starfsfólks heldur en með beinum fjármunum. Sú staða hefur ekkert breyst.

Það er heldur ekki svo langt síðan að stjórnin varð að íhuga alvarlega hvort hún ætti að afhenda Listasafni Íslands alla safneign sína. Það tók 40 ára vinnu, heilan helling af fólki, her-raðir af öflugum stjórnnum ár eftir ár og fullt af áskorunum til þess að vera á þessum stað sem við erum í dag, orðin miðaldra, samt enn unglíngur, í enn öðru rými með afgerandi lykt. Við erum ekki háð duttlungum hins frjálsa leigumarkaðs, við getum verið hérna næstu ár ef við viljum og höfum fjármagn til. Kannski eru tvær stærstu lexíur safnsins á lífsleiðinni hingað til; það er ekki lausnin að eiga húsnæði ef þú getur ekki borgað af því, og safnið á ekki heima á hinum almenna leigumarkaði.

En undanfarin ár hafa líka kennt okkur að safnið er afar þrautseigt og það getur fúnkerað á mörgum stöðum. Aðlögunarhæfni þess er ótrúleg einmitt vegna þeirra ólíku aðila sem leiða það hverju sinni. Óþreytandi framtakssemi og útsjónasemi stjórnar og starfsmanna er beinagrindin í Nýlól. Hjartað er fulltrúaráðið.

Nýlistasafnið er vettvangur sem er mjög heill í sér útaf því að hann er í umsjón einstaklinga sem sinna honum af mikilli umhyggju og vandvirkni. Næstu stjórnarliðar ganga inn í frábæra stjórn og opinn strúktúr. Allir hafa rödd í Nýlól en það er ætíð upp undir stjórnarliðum komið hversu virkir þeir geta og vilja vera. Því virkari, því betra fyrir safnið að sjálfsögðu.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Það er virkilega ánægjulegt að sjá hversu margir sækjast eftir formannssætinu. Það er krefjandi staða með mikilli ábyrgð, en líka ótrúlega gefandi og skemmtileg, sérstaklega út af þeim stjórnarliðum sem hafa tekið þátt í að móta áherslur safnsins undanfarin 4 ár og þurft að taka mjög stórar og erfiðar ákvarðanir. Aðstæðurnar í safninu eru töluvert öðruvísi en fyrir fjórum árum. Þá stefndi allt í að Arion banki myndi lögsækja safnið og allsherjar flutningar lágu fyrir, hvert - vissum við ekki alveg en höfðum samt mjög góða tilfinningu fyrir framhaldinu.

Ég ætla ekki að gerast svo djörf að segja að vesenið sé búið í bili, það verður alltaf eitthvað nýtt vesen og nýjar áskoranir í gangi hjá safninu en það er ekki útlit fyrir annað að það séu spennandi tímar framundan þegar safnið er loksins í aðstöðu að geta skipulagt sýningadagskrá sína vel fram í tímann og haldið áfram að máta sig inn í nýtt rými með nýju fólki innanborðs.

Núna höfum við þrjá starfsmenn sem deila með sér 2,4 ársverkum, sem er viss áfangasigur. Ég vil undirstrika mikilvægi þessara tveggja einstaklinga sem vinna með stjórnanda hverju sinni; þetta þríeyki þarf að vera ótrúlega samstillt vél sem getur aðlagð sig að hvaða áherslum hverju sinni, framkvæmt ákvarðanir stjórnar og tæklað öll þau verkefni sem safnið þarf að leysa.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka þeim kærlega fyrir frábærlega vel unnin störf og þeim skörungum sem á undan þeim voru, safnið á ykkur svo ótal margt að þakka. Í fimm ár hefur aldrei verið leiðilegt að mæta í vinnuna eða á stjórnarfundum, það er alltaf eitthvað í gangi, góður liðsandi og húmor.

Stjórn kveður Báru Bjarnadóttur eftir eins árs setu og þakkar henni kærlega fyrir vel unnin störf. Þórána Björnsdóttir og Claudia Hausfeld kveðja einnig eftir þriggja ára stjórnarsetu og vill Nýló koma fram kærum þökkum til þeirra.

Að lokum langar mig til þess að þakka ykkur kæru fulltrúar, sem hafa komið safninu til hjálpar síðastliðinn 40 ár og hafa lagt ykkar af mörkunum til þess að safnið nái næsta áfanga - *eins og til að mynda núna, og það eru 30 fulltrúar á hringilista hjá okkur*. Ég hef reglulega orðið vitni að þessu í minni stjórnartíð, hvort sem um flutninga, sýningar eða fjáröflun er að ræða, stórar ákvarðanir, ráðgjöf eða bara dýrmæta viskumola. Það eru þið sem eruð galdurinn á bakvið langlífi safnsins og eigið heiðurinn af elsta listamannarekna safninu í Evrópu, - líklegast jörðinni. Ég treysti stjórninni minni sem ég er að kveðja - algjörlega fyrir næstu skrefum, þakka þeim innilega fyrir síðastliðið ár og samgledst næsta formanni að fá tækifæri til þess að vinna með þessum frábæra hópi.

Takk fyrir áheyrnina, takk fyrir mig - skýrslu stjórnar lýkur
f.h. stjórnar og starfsfólks 2017 - 2018



Þorgerður Ólafsdóttir
formaður stjórnar Nýlistasafnsins